



Tilvísun í mál: MMR18050249- .vegna svarbréfs Hafðísar Guðrúnar Hilmarsdóttir um umsögn við „Tillögu til þingsályktunar um menntastefnum til ársins 2030 frá mennta- og menningarmálaráðherra“

Umsögn frá Ólafi Oddssyni fræðslustjóra Skógræktarinnar

Til hamingju með þessa ágætu og metnaðarfullu þingsályktunartillögu. Hún er fagleg og mjög lýsandi fyrir þau gildi og áherslur sem skipta mestu máli í árangursríkri menntunar- og uppeldisstefnu í skólasterfi.

Það er ánægjulegt að sjá hvað auðvelt er að máta skógartengt útinám inn í þessar áherslur á öllum skólastigum og fyrir ýmsa hópa í þjóðfélaginu.

Lesið í skóginn- tálgað í tré og Lesið í skóginn- með skólum eru fræðsluverkefni sem fóru af stað upp úr árinu 2000 sem samstarf um skógarmentun og skógaruppeldi við fjölbreyttar fræðslustofnanir og fagfólk. Verkefnin fagna því 20 ára afmæli um þessar mundir. Tálgun og ferskar viðarnytjar í nærumhverfi hefur verið áhersluþáttur í þessari skógauppeldislegu fræðslu sem leið til að kynnst náttúru og vistkerfi skógarins sem hluta af menningu þjóðarinnar. Í upphafi voru fáir sem höfðu af því atvinnu að tálga fugla, fígúrus eða íslensku dýrin en í dag eru fjölmargir sem framleiða minjagripni úr íslenskum viði og hafa af því fulla atvinnu. Þannig hefur tálgunin orðið hluti af íslenskri menningu.

- Grenndarskógar í skólasterfi var þróað með skólum í öllum landshlutum og síðan í Reykjavík undir merkjum Lesið í skóginn- með skólum. Þegar mest var voru 30 leik- og grunnskólar með sinn eigin grenndarskóg í skólasterfi. Samþætting, þverfagleg samstarf, fjölbreytni og sköpun.
- Námskeiðin Lesið í skóginn í grunnnámi kennarmentunar og Útilkennsla og græn nytjahönnun á meistarastig hafa um árabil notið vinsælda meðal nemenda á Menntavísindasviði HÍ og gera enn.
- Listaháskólinn hefur undanfarin ár boðið nemendum í kennsluréttindanámi upp á námskeiðið „Tálgað í takt við náttúruna“ án þess að nemendur þurfi að skila fræðilegum verkefnum til einkunnargjafar þar sem þessi tenging við skóg og náttúru er talin skipta máli fyrir kennara í ýmsum listgreinum. Tálgun er valdeflandi og viljastyrkjandi.
- Landbúnaðarháskólinn hefur frá upphafi stutt við Lesið í skóginn nám Skógræktarinnar og boðið upp á margs konar námskeið fyrir ýmsa hópa s.s. skógarbændur, sumarhúsafólk og almenning.
- Skógræktin vinnur nú að því með smíðadeild Tækniskóla Íslands að tengja námið við skóginn með skógarnámskrá sem gerir nemendum kleift að kynnst því hvernig skógarumhverfið og skógarhirðan hefur áhrif á viðargæðin og nota íslenskan við í skylduverkefnum sínum. Þessi samvinna hefur staðið yfir í nokkur ár og er að skila sér nú í formlegri uppskeru og skipulagi.
- Menntavísindasvið, Skógræktin og Landbúnaðarháskóli Íslands vinna nú að því að stofna 35e meistaranám um Skógarleiðsögn þar sem aðila leggja saman námskeið sem þegar eru til staðar og ýmsir hópar í samfélaginu geta nýtt sér s.s. kennarar, tómstundafólk, iðjuþjálfar, skógarbændur, heilsustarfsfólk s.s. í endurhæfingarstarfi. Skógurinn er hér hið ákjósanlega tækifæri fyrir menntun og upplifun - heilsunæringu. Fjölbreytt nám fyrir fjölbreytta nemendur eru tækifæri sem skógurinn og viðfangsefni hans bjóða nemendum upp á í öllum fögum, fyrir alla aldurshópa. Þannig verður til skógarmentun.
- Menntamálastofnun hefur tekið við Lesið í skóginn verkefnabanka Skógræktarinnar og mun í framtíðinni uppfæra hann og kynna fyrir skólunum. Þar eru samþætt verkefni fyrir öll aldurstig grunnskólans. **Ný menntastefna þarf að innihalda skógaruppeldisleg viðmið í menningu, menntun, efnahag, sjálfbærni og skapandi iðju skógarverkefna.**